

**Þórbergur Þórðarson**, f. 12.3. 1888 á Hala, d. 12.11. 1974 á Landspítalanum í Reykjavík, 86 <sup>2</sup>/<sub>3</sub> ára, eftir heilablóðfall en var kominn með Parkinsonsveiki. For.: \*Þórður Steinsson, f. 1854, d. 1926, og kona hans, \*Anna Benediktsdóttir, f. 1863, d. 1940. Hjá foreldrum sínum á Hala 1888-06 (var þó smali í Dilksnesi 02), átti heima í Reykjavík 06-74 (dvaldist á efstu árum nokkuð á Vífilsstöðum við Hafnarfjörð). Kann tæplega dável en hegðar sér ágætlega, skráði séra Pétur Jónsson (sbr ÞP1975 413nn).

Kona 1.10. 1932: Margrét Jónsdóttir, f. 30.9. 1899, d. 28.1. 1988 (GG1984#3). Barnlaus. Barnsmóðir: Sólrún Jónsdóttir, f. 17.1. 1897. Dóttir þeirra: Guðbjörg [Steindórsdóttir], f. 29.2. 1924. Hún giftist og átti niðja.

Þórbergur var við skírningu og fermingu nefndur Þorbergur. Afasystir hans var \*Þorbjörg Þorleifsdóttir, f. 1843, sem dó 9.12. 1887 ("haustið áður en ég fæddist," skráði Þórbergur). Hún vitjaði nafns til Önnu bróðurdóttur sinnar: "Þess vegna var ég skírður Þorbergur eða Þórbergur. Móðir mín sagði mér, að rétta nafnið væri Þórbergur, og heima var ég ymist kallaður Bergur eða Þórbergur, og síðan ég fékk dálítinn smekk fyrir máli, hef ég skrifað mig Þórberg" (ÞP1975 23; ÞP1982#2 228n). Svo er það efni þá klárt og útkljáð, þótt nafnitun Þórbergs í handriti frá 1909 virðist enn vera Þorbergur og Vilmundur vinur hans Jónsson notaði þá orðmynd.

Þórbergur skráði á fleiri en einum stað, að foreldrar hans hefðu giftst vorið 1886. Einnig skráði hann: "Mér var sagt, að ég hefði fæðzt í þennan heim 12.3. 1889... Presturinn, sem skýrði mig, var séra Sveinn Eiríksson... og ég var fyrsta barnið, sem hann skírði í Suðursveit. Svo var mér sagt" (ÞP1975 9, 20, 22). Foreldrar Þórbergs giftust 23.5. 1887, stendur í ministerialbók Kálfafellsstaðar. Faðir Þórðar samdi málann af hans hálfu, en Eyjólfur Runólfsson hreppstjóri var svaramaður Önnu. Eftir sömu bók fæddist Þórbergur 12.3. 1888 og var skírður á Hala 28.3. 1888. Guðfeðgin voru Lucia Þorsteinsdóttir og Eyjólfur hreppstjóri, en þau og Oddný Sveinsdóttir voru yfirsetufólk, þegar hann fæddist, sem gekk ekki greitt. Skráning á skírningu er með hendi séra

<sup>1</sup> Steindór var Pálsson, d. 1924. Faðerni Þórbergs var óumdeilt en fékkst ekki skráð, þrátt fyrir faðernismál með atbeina hans sjálfs, því að Sólrún og Steindór voru gift og farið var að lagareglunni *Pater est quem nuptiae demonstrant* og er meðal annars ætlað að leysa erfðamál. Barnið mun vera skráð í bókum aðventista.

Jóhanns Knúts Benediktssonar. Ártalið 1888 er skráð þrívegis, bæði fyrir ofan nafn Þórbergs og við báðar dagsetningarnar, auk þess sem skráningin er í rétttri tímaröð innan ársins. Næsti drengur á undan Þórbergi var skírður 16.5. 1887. Séra Sveinn Eiríksson húsvitjaði í Suðursveit dagana 22.-24.12. 1888 og skráði um foreldra Þórbergs, að þau ættu barn á 1. ári en hafði eyðu bæði fyrir nafn þess og föðurnafn, sem hann hefur ekki munað eða alls ekki vitað. Skipunarbref séra Sveins fyrir Kálfafellsstað var þó dagsett 24.11. 1887, svo að vera má, að hann hafi verið til aðstoðar í Suðursveit, áður en hann kom frá Sandfelli og tók að fullu við í fardögum vorið 1888. Hafi Þórbergur verið fæddur 1889, eins og hann sjálfur skráði, var hann ekki fyrsta barnið, sem prestur skírði í Suðursveit. Þá mátti ekki heldur ferma hann vorið 1902, eins og séra Pétur þó gerði. Kona Þórbergs sagði, að rétta ártalið 1888 hefði upp-götvast seint og um síðir, sagði hún, en hann haft lúmskt gaman af, látið sér fátt um finnast og ekki breytt ranga ártalinu.<sup>2</sup>

Margrét kona Þórbergs var dóttir Jóns Jónssonar og konu hans, Þorbjargar Ásbjarnardóttur (FS1961 353). Þau bjuggu í Innri-Njarðvíkum í Gullbringusýslu en áttu nokkur ár heima í Keflavík, hann smiður og hafði gengið í Flensborgarskólann. Hjónin fluttust til Reykjavíkur, og þar starfaði Jón sem kaupmaður.

Helgi M. Sigurðsson skráði um Þórberg sem barn: "Hann var með þrálát andþrengsli á uppvaxtarárum, blánaði þá svo upp að viðstöddum varð ekki um sel. Yfirleitt var hann fögur og tekinn, magur og kraftlítil. Læknir sveitarinnar hafði eitt sinn á orði um handleggina á honum að þeir væru skelfilegar fuglapípur. Þegar kom fram yfir fermingu tók mæðin fyrst að réna og um 16 eða 17 ára aldur var Þórbergur að heita mátti albata. Þó náði hann aldrei miklum líkamsstyrk og erfiðisvinnu þóldi hann illa alla tíð." Eyjólfur guðfaðir Þórbergs sulaði einhverju saman, sem hélt honum á lífi. Einnig sagði hann drengnum til í reikningi og þjóðtrú.

Steinþór bróðir Þórbergs sagði: "Þórbergur var enginn sérstakur afkastamaður við vinnu. Hann var trúur, gerði öll sín verk vel... Hann þótti heldur latur, en vann þó það sem þurfti að vinna á heimilinu. Hugurinn var á dreif. Hann stefndi í allt aðra átt, og það var ósköp eðlilegt þess vegna, að vinnan væri ekki svo mjög greipt í huga Þórbergs." Faðir þeirra ákvað snemma, að Steinþór skyldi taka við búinu á Hala, sem gekk eftir.

<sup>2</sup> Sams konar vitleysa er algeng [dæmi: trompetleikarinn Louis Armstrong og píanóleikarinn Vladimir Horowitz] og getur stundum komið sér vel.

Þórbergur og kona hans gáfu Háskóla Íslands með erfðaskrá mest af eignum sínum, til að rita íslenska samheitaorðabók, sem engin var til.<sup>3</sup> Hann var heiðursfélagi í Skaftellingafélaginu og Rithöfundafélagi Íslands og 1974 kjörinn heiðursdoktor við Háskóla Íslands. Hann var á 86 ára afmæli sínu, sem kallað var 85 ára afmæli, hylltur með blysför, lúðrablaestri og ræðuhöldum.

Halldór Laxness mælti eftir Þórberg: "Við héldum áfram að vera vinir í fjarska eftir fall Unuhúss, og á þá vináttu brá ekki skugga þó hann væri maður sem mér hefur fundist einna óskiljanlegast saman settur allra sem ég hef kynst; og honum áreiðanlega sýnst hið sama um mig. Þórbergur var í mínum augum ekki aðeins tveir eða þrjú menn, heldur tvær eða þrjár ólíkar heimsmenningar að töfrafullum leik í einni persónu sem þó aldrei klofnaði."

Jakob Benediktsson skráði: "Þórbergur Þórðarson er allur. Með honum er genginn sérkennilegasti rithöfundur okkar Íslendinga og einn mesti stílsnillingur sem við höfum nokkru sinni átt. Hann markaði óafmáanleg spor í íslenskum bókmenntum á fleiri en einn veg, og áhrif hans verða seint ofmetin, enda þótt engum hafi tekist að feta í fótspor hans. Til þess var hann of sérstæður, of mikið öðruvísi en allir aðrir."

Nokkur ritverk og störf Þórbergs:<sup>4</sup>

1904: Hélt lengi dagbækur, elzti varðveitti kafli hefst 23.4. Þetta ár. Bækurnar fylla tvo hillumetra í handritadeild Landsbókasafns.

1906-07: Háseti á Seagull.

1907: Hóf nám í kvöldskóla Ásgríms Magnússonar [hugsað sem alþýðuskóli eða lýðskóli, sjá PEÓ I:97].

1907-09: Kokkur á kúttur Hafsteini [lærði *Kvennafræðarann*], vegavinnumaður.

1908-09: *Veidifuglamir*, ófullgerð saga í handriti.

1909-10: Nemandi í Kennaraskólanum.

1910: Smiðjubelgsblásari við Laxárbrú um sumarið.

1910-13: Las utan skóla, mest í Landsbókasafni og eftir eigin áhugamálum en stefndi á gagnfræðapróf í Menntaskólanum. Hann gekk þó frá prófborði 1913, út af lasleika, og fékk ekki leyfi til að ljúka prófi um haustið. Þótt Þórbergur væri óreglulegur nemandi, tók hann nokkurn þátt í félagsstarfi skólapiilta. Höfundur veit ekki, hvort hann fékk að sækja tíma eða hjá hverjum. En hann þurfti jafnframt að hafa ofan í sig með launavinnu.

1911-12 Fékk í fyrsta sinn ljóð birt í blöðum (Vísir 19.10. 1911, Ísafold 29.5. 1912).

<sup>3</sup> Þetta gekk eftir, og Háskólinn gaf út *Íslenska samheitaorðabók* strax 1985.

<sup>4</sup> Jónína Eiríksdóttir ritaði fleira og betur í *Andvara*.

1912: Fór norður í land í vegavinnu og á sildarplan.

1912: *Ritsmið um lífsraunir Jóns Strandfelds*. Hún birtist í handskrifuðu blaði Ungmennafélags Reykjavíkur, sjá einnig um Jón í Íslenskum aðli. Þórbergur var um skeið ritari í Ungmennafélaginu, og margt finnst eftir hann og um hann í bókum þess [Bragi, Gjörðabók, Skinfaxi, Höfuðbók, Mállýtabók]. Á þeim árum mun hann hafa íslenskað smásögurnar *Svarti kötturinn* og *Hjartslátturinn* eftir E. A. Poe og *Boskomb-undrið* eftir A. Conan Doyle.

1913: Starfaði hjá Ísafoldarprentsmiðju við að semja bæjarskrá Reykjavíkur. Hann hafði oftar ofan af fyrir sér með að skrifa upp manntöl.

1913-18: Las íslensku og bókmenntir við Háskóla Íslands en fékk ekki leyfi til að ljúka prófi, því að hann hafði ekki tekið stúdentspróf. Þar með er ekki sagt, að menntun Þórbergs hafi verið að minni. Varðveittar eru glósur hans frá þessum árum, og sótti hann tíma hjá Birni M. Olsen (þrjár þykkar glósubækur), Jóni J. Aðils og Ágústi H. Bjarnasyni, auk heldur í tungumálum.

1915: *Hálfir skósólar - Söngvar og kvæði um mannlega náttúru*. Ort undir nafninu Styr Stofuglamm. Kverið kostaði 2 krónur en heilir skósólar 4 krónur.

1916: *Skýringar yfir alla Snorra-Eddu*. Handrit týndist. Það mun hafa fengið vinsamlega umsögn hjá Birni M. Olsen, en torvelt reyndist að fá útgefanda.

1916: Þórbergur hóf skipulega orðasöfnun úr talmáli, sem hann síðan vann að um langt árabli, allmörg ár með styrk frá alþingi. Meðal annars ferðaðist hann um landið. Hann var reyndar þegar 1911 farinn að skrá hjá sér orð og 1913 að gefa gaum mállýtum.

1917: *Spaks manns spjarir - Lýrisk lofnarkvæði og heimspekilegar hugraunir*. Ljóðkver eftir Styr.

1917-18: Starfaði hjá Sigfúsi Blöndal að orðabókargerð. Þórbergur lagði til bókarinnar "en værdifuld Samling fra Almuesproget".

1918-25: Kennari í lönnskólanum.

1918: Fór að kynna sér guðspeki og um svipað leyti dulrænar rannsóknir.

1919: *Ljós úr austri*. Um yoga og áhrif þess á Þórberg. Geysihvatleg grein, skráði Stefán Einarsson.

1919: *Dulrænar rannsóknir og þjóðarheill*. Ritgerð um andleg mál, sem ekki fékkst birt.

1920, sumar: Reið við þriðja mann til Hornafjarðar.

1921: *Dáleidsla*. Stutt frásögn með tilvísunum til nokkurra guðspekinga.

1921: Fór til London, Parísar og Kaupmannahafnar og kynnti sér dulspeki.

1921-25: Kennari í Verzlunarskólanum.

1922: *Leiðarvísir um orðasöfnun*. Hundruð manna lögð orð í belg Þórbergs.

1922: Sótti dulspækipping á Akureyri.

1922: *Hvítir hrafnar*. Endurprentun á fyrri ljóðakverum og frumprentun á nýjum kvæðum.

1924: Þýddi ásamt Jóni Thoroddsen og Vilmundi Jónssyni bókina *Höfuðóvinurinn* eftir Dan Griffiths.

1924: *Bréf til Láru*. Hún var guðspök sápusölukona og ljósmyndari á Akureyri, Ólafsdóttir [f. 1867, d. 1932, SG1995 55]. Bókin flutti jafnaðarstefnu og gagnrýni á lærd og leik yfirvöld, sem var fléttað saman við fróðleik og umhugsunarefni. Straumhvarfarit í íslenzkri stílþróun í lausu máli, skráði prófessor Stefán Einarsson.

1925: *Jón Thoroddsen*. Minningarorð um ungan lögfræðing, samstarfsmann Þórbergs.

1925: *Til Jóns Þorlákssonar fjármálaráðherra*. Svarað gagnrýni á orðasöfnun Þórbergs, sem Jón vildi taka af fjárlögum.

1925: För að læra esperanto. Vann mörg ár að íslenzk - esperantiskri orðabók [20.000 seðlar í handritadeild Þjóðarbókhöllu] og ritaði á esperanto bréf, ritgerðir og þjóðsagnabýðingar. Stofnað var 12.3. 1989 tímaritið *La Tradukisto*, sem var helgað Þórbergi og birti þýðingar, úr íslenzku og esperanto en yfir á hitt tungumálið. Hann var um skeið forseti í Esperantofélagi Reykjavíkur.

1925: *Auðvaldinu er illa við alþýðumenn*. Stutt ádeila um skólamál.

1925: *Þrjár "sögulegar sannreyndir"*. Svarað skakkri gagnrýni á *Bréf til Láru*.

1925: *Opið bréf til Árna Sigurðssonar fríkirkjuprests*. Þórbergur sver af sér árás á kristindóminn, sem hinn hafði sakað hann um.

1925: *Svar til Árna Sigurðssonar fríkirkjuprests*. Þórbergur kannast við rangfærslu.

1925: *Eldvígslan*. Kristján Albertsson hafði gagnrýnt skrif Þórbergs um séra Árna Sigurðsson og kirkjuna, og honum er svarað í löngu máli. Stefán Einarsson taldi þetta einhverja langsnjöllustu grein Þórbergs.

1925: *Falsspámaðurinn - Svar til Kristjáns Albertssonar*. Hann hafði gagnrýnt *Eldvígsluna*.

1925-26: Kynnti sér ýmis menningarmál í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn, styrkþegi Carlsbergssjóðsins.

1926: Sótti alþjóðafélag esperantista í Edinborg.

1926: *Starfsrækt*, bók eftir heimspekinginn Svâmi Vivekananda, sem Þórbergur og Jón Thoroddsen þýddu í sameiningu.

1926: *Grimmdarvitfíring auðvaldsins*, þýdd grein eftir E. A. Lundquist.

1926: *Efling jafnaðarstefunnar í Englandi*, þýdd grein eftir Kaare Fostervoll.

1926: *Þjóðrækni í "ópólitískum" skólum*, þýdd grein úr tímaritinu *Sennaciulo*, málagnni þjóðernislausa heimsfélagsins.

1926-27: *Nýtt skilningarvit*. Ritgerð um esperanto.

1927: *Skóðanir herra C. Jinarajadasa*. Grein um jafnaðarstefnu og guðspeki.

1927: *Heimspeki eyndarinnar*. Gagnrýni á svör guðspekingsins Jinarajadasa við spurningum Þórbergs um hamingju, réttlæti, bræðralag, jafnaðarstefnu, auð og vald, klerka og esperanto.

1927: Þýddi með öðrum söguna *Mannsbarn*.

1927: *Menningarafrek ráðstjórnarinnar í Rússlandi*, þýdd grein eftir L. Haden Guest.

1927: *Hvað gerir Þjóðabandalagið?*, þýdd grein eftir Liang-chu-vaj.

1928: Sigldi til London, Antwerpen, Parísar og Kaupmannahafnar.

1928: *Bréf til jafnaðarmanns*. Til ritstjóra Nova Epoko og fjallar einkum um trúmál.

1928: *Þrjú þúsund þrjú hundruð og sjöttu og níu dagar úr lífi mínu*. Helztu störf Þórbergs 1918-27 [lönn]. Greinin var fyrst prentuð á esperanto í vikublaðinu *Sennacieca associazio tutmonda*.

1928-36: *Gráskinna*, þjóðsagnasafn, sem Þórbergur og Sigurður Nordal gáfu út.

1929: *Lifandi kristindómur og ég*. Fyrirlestur frá 1926 með barnsminningum úr Suðursveit,<sup>5</sup> en Sigurbjörn Á. Gíslason hafði í ritdómi 1925 fundið Þórbergi til afsökunar, að uppeldi hans hefði ef til vill verið áfátt, og það gramdist honum.

1929: Las bókmenntir í Kaupmannahöfn, sótti alþjóðamót jafnaðarmanna í Vín og esperantóþing verkamanna í Leipzig. Hafði fengið styrk úr Sáttmálasjóði.

1930: Sótti rithöfundafélag í Osló.

1931: För til Ommen, Amsterdam og Arnhem. Sótti esperantonámskeið og ræddi við Krishnamurti.

1931-38: Kenndi esperanto, síðustu tvo veturna í útvarpi.

1932: *Stofnenskan*.<sup>6</sup> Þórbergur sýndi í allangri grein fram á marga vankanta á henni.

1933: *Á guðsríkisbraut*. Bent á óvandaðan fréttaflutning, einkum í Morgunblaðinu um efnahagsmál í Sovétríkjunum.

<sup>5</sup> Sjá til samanburðar Stb-1970 123, 244.

<sup>6</sup> Basic English, einfölduð gerð enskrar tungu, sem kom fram á 3. tug 20. aldar og var meðal annars hugsuð sem alþjóðamál. Aðeins voru notuð 850 almenn orð og 150 orð úr vísindum. Höfundur var C. K. Ogden.

1933: *Bréf til nazista*. Gagnrýnið bréf til ritstjóra blaðsins La Nova Germanlando.

1933: *Pistilinn skrifaði*. Nýtt efni í bókinni er Appendix aftan við eitt stofnalógíukorn, Bréf á prentsmiðjudönsku, Lýrisk vatnsorkusálsýki, Til Vilmundar Jónssonar læknis, Til Kristínar Guðmundsdóttur, Hinn miskunnssami stjórnmalamaður.

1933: *Alþjóðamál og málleysur*. Mælt fyrir esperanto.

1933: Gerðist um haustið starfsmaður hjá *Alþýðublaðinu* [skrifaði í blaðið Lesbók alþýðu].

1934: *Kvalþorsti nazista*. Mál var höfðað gegn Þórbergi fyrir þessi skrif. Hann var sýknaður í héraði en sakfelldur í Hæstarétti 31.10. 1934 og dæmdur í 200 krónu sekt, eða til vara 15 daga einfalt fangelsi, auk málskostnaðar. Hann hafði kallað kanzlara Þýskalands sadista og brugðið stjórn hans um pyndingar í fangelsum, en ummælin voru ekki talin "sönnuð réttmæt með þeim gögnum, er höfundur þeirra kveðst hafa notað."<sup>7</sup>

1934: *Eggert Stefánsson*. Stutt grein um þennan söngvara og kynni þeirra Þórbergs.

1934: *Hin rauða Vin*. Sagt frá árangri jafnaðarmanna í Vínarborg.

1934: Sótti alþjóðáþing esperantista í Stokkhólmi og stundaði þjóðfélagsrannsóknir í Rússlandi.

1934: *Ströndin á Horni*. Fimm frönsk skip strönduðu 7.3. 1873, og Þórbergur skráði heimildir um atburðina.

1934: *Með strandmenn til Reykjavíkur*. Skozkur togari strandaði í Öræfum 16.1. 1905, og skipbrotsmönnum var fylgt til Reykjavíkur, en Þórbergur skráði frásögnina eftir nokkrum heimildarmönnum. Smálegar leiðréttingar bárust honum síðar, sem hann tók ýmist til greina eða ekki.

1934: *Svona á ekki að skrifa ritdóma*. Löng grein um esperanto, út af dómi Boga Ólafssonar.

1934: *Er þetta það sem koma skal?*, erindi um Sovét-Rússland.

1934: Gísli Kristjánsson sextugur.

1935: *Alþjóðamál á leiksviði*, grein um esperanto.

1935: *Óvenjulegur gestur*. Lakshmiswar Sinha frá Kalkutta kynnti sér Ísland og hélt fyrirlestur.

1935: Í bréfi þetta ár sagði Vilmundur Jónsson, að Þórbergur hefði teiknað kort af Suðursveit, þar sem jafnvel allar afturgöngur voru samvizkusamlega merktar og staðsettar. Þórbergur fór ungar að teikna kort.

1935: *Tvær þjóðir*. Ólíkt hafast þeir að, Stalín [f. 1879] og Hitler [f. 1889]. Þórbergur hafði hlotið dóm fyrir að ærumeiða hinn síðarnefnda. Í framhaldi af því samdi hann langa ritgerð um nazisma í Þýskalandi en hætti við að fullgera hana og lét þó til leiðast að birta ályktanir sínar í þessari grein.

1935: *Rauða hættan*. Sannleikurinn um Sovétríkin, samkvæmt 17 ára rannsókn Þórbergs, vitnisburði óljúgfróðra manna og fróðleik úr merkjum bókum.

1935: *Rómantik rauðu hættunnar*. Séra Ragnar Kvaran hafði skrifað ritdóm um bók Þórbergs, sem hér er svarað.

1935-38: Þórbergur skráði drög að ævisögu sinni, sem ef til vill var stuðzt við í seinni bókum. Fleira af því tagi finnst í handritum, til dæmis ævisögukafli frá 1922.

1936: Þórbergur flutti í Danmörku og Svíþjóð fjölmarga fyrirlestra um Ísland og Íslendinga og mælti yfirleitt á esperanto.

1936: *Blessun einræðisins, tölur frá 13. ári fasismans á Ítalíu*.

1937: *Til þeirra sem hima hikandi*. Skorað á kjósendur í Reykjavík að tryggja Einari Olgeirssyni þingsæti, til að sporna við framgangi íhaldsins.

1937: *Esperanto I - Lestarbók*. Kennslubók.

1937: *Esperanto II - Málfræði*. Kennslubók.

1938: *Merk kona sextug*. Afmælisgrein til Guðnýjar Guðmundsdóttur Hagalín úr Dýrafirði.

1938: *Barnakrossferðir*. Gagnrýni á krossferðir, einkum ferð barna 1212.

1938: Sigldi og ætlaði að halda fyrirlestra í Tékklandi og Slóveníu en fór ekki svo langt út af hættuástandi.

1938: *Bréf til Rauðra penna*. Gagnrýnin grein um kirkjumál.

1938: *Íslenzkur aðall*. Sumarvinna norður í landi 1912. Uppistaða bókarinnar er, svo að vitnað sé til Stefáns Einarssonar, "ást Þórbergs og tilgangslaut kringsól hans kringum kærustuna..."

1939: *Múgvitfiringarnar þjár*. Löng grein um krossferðir og galdamál, en í fyrrisögn er einnig átt við fasisma, og var sá hluti víst aldrei ritaður.

1939: *Lifnaðarhættir í Reykjavík á síðara helmingi 19. aldar*. Löng þjóðhátaritgerð með fróðleik eftir nafngreindum mönnum; frumgerð var flutt sem fjögur útlarpserindi 1937.

<sup>7</sup> Málið var höfðað að kröfu þýzkra yfirvalda og reist á 4. málsgrein 83. greinar almennra hegningarlaga frá 25.6. 1869. Ásgeir Ásgeirsson forsætisráðherra hafði árangurslaust reynt að bera klæði á vopn Þórbergs. Magnús Guðmundsson dómsmálaráðherra gaf síðan fyrirmæli um málshöfðun. Þeir sátu á starfsstjórn. Jón Ásbjörnsson sótti málið fyrir Hæstarétti en Stefán Jóhann Stefánsson varði. Þórbergur lagði fram margar erlendar heimildir sínar, dagblöð og fleira.

1939: *Henging mín*. Þórbergur hafði lofað að hengja sig, að uppfylltum skilyrðum um illt framferði Rússa, en rökstuddi hér, að innrás þeirra í Pólland væri heppileg.

1939: *Í grasgarði forheimskunarinnar*. Grein Þórbergs um hengingu hafði sætt gagnrýni í Tímanum, og hann skýrði ummæli sín um Pólverja og afstöðu sína í stjórnmálum.

1940: *Refskák auðvaldsins*, útgáfan árssett 1939 en dróst fram í byrjun næsta árs. Bókin geymir samnefnda ritgerð en einnig ritgerðir tvær, sem birtar voru í október 1939, og hafði þeim báðum verið breytt nokkuð. Refskákarritgerð sína kallaði Þórbergur "stafrófskver í alþjóðastjórnmálum síðustu ára". Í henni eru margar athuganir, sem afsaka Sovétríkin.

1940: *Opið bréf til fjárveitinganefndar*. Umsókn um styrk, greinargerð um ritstöf Þórbergs.

1940: *Ofvitinn*, fyrra bindi. Umgjörð bókar er minningar og hugleiðingar um árin 1909-13.

1941: *Edda*. Áður birt ljóð og nokkur ný, ásamt for-mála og skýringum.

1941: *Samherjar Hitlers*. Rökstutt, að Stalín hafi verið nauðugur kostur að gera griðasáttmáta við Hitler og fara í stríð við Finna.

1941: *Nokkur orð um skynsamlega réttitun*. Niðurstöður Þórbergs um, hvenær rita skuli smáorð í einu lagi eða hvert út af fyrir sig, allöng grein með mörgum dæmum.

1941: *Hvernig lítið þér á stríðið?* Stutt grein um styrjöldina á milli Sovétríkjanna og Þýskalands.

1941: *Ofvitinn*, seinna bindi. Efni sem í hinu fyrra.

1942: *Indriði miðill - Endurminningar Brynjólfs Þorlákssonar söngkennara*. Sagt frá Indriða Indriðasyni og sálarrannsóknunum.

1942: *Í verum*. Allöng grein um samnefnda sjálfævisögu eftir Theódór Friðriksson, f. 1876, d. 1948.

1943: *Viðfjarðarundrin*.

1943: *Vatnadagurinn mikli*. Sagt frá ferðalagi Þórbergs og konu hans yfir Skeiðarársand 1933.

1944: *Einum kennt - öðrum bent*. Grein um Hornstrendingabók eftir Þorleif Bjarnason, með mörgum ráðleggingum Þórbergs um málfar.

1945: Á tólfstu stundu.

1945: *Fagurt mannlíf*, 1. bindi af ævisögu Árna Þórarinssonar, f. 1860, d. 1948, sem var sóknarprestur í Miklaholtsprestakalli 1886-34 og allengi prófastur. Þetta bindi tekur til áranna 1860-77.

1946: *Móralskir mælikvarðar - Opið bréf til þeirra sem þrá að víta*. Mótmælt gagnrýni á Rússa og pundað á Vesturveldin.

1946: *Í sálarháská*, 2. bindi af ævisögu séra Árna. Bókin fjallar um árin 1877-86.

1947: *Hjá vondu fólki*, 3. bindi af ævisögu séra Árna.

1947: *Til minningar um Erlend Guðmundsson í Unuhúsi*. Hann var f. 1891 (PEÓ I:119; Mbl 28.2. 1947; sjá einnig hér á eftir við árin 1962 og 1964) og þeir Þórbergur kynntust 1913.

1948: *Lítill afmælisósk til Brynjólfs Bjarnasonar*. Hann varð fimmtugur.

1948: *Á Snæfellsnesi*, 4. bindi af ævisögu séra Árna.

1949: *Samsærið gegn mannkyninu*. Mælt gegn þátttöku Íslendinga í Atlantshafsbandalaginu.

1949: *Með eilífðarverum*, 5. bindi af sögu séra Árna.

1950: Í myrkri persónuleikans.

1950: Bréf til Kristins. [birt í 4. útgáfu Bréfs til Láru].

1950: *Andlegt frelsi*. Erindi um sósíalisma og Sovétríkin, sem var flutt hjá Stúdentafélagi Reykjavíkur en síðar aukið og endurbætt.

1950: *Að æfilokum*, 6. bindi af ævisögu séra Árna.

1951: *Með friði lífum við - Í styrjöld deyjum við*. Erindi um heimsfrið, styrjaldarhættu og vígvæðingu.

1952: *Bréf til Halldórs Kiljans Laxness*. Endurminningar og gamanmál.

1952: *Sjóhrakningurinn frá Skinneyjarsandi*. Sjóslys í Hornafirði 1843.

1952: Til austurheims vil ég halda.

1953: *Guð hjálpi Íslendingum*. Um Sovétríkin og friðarmál, ræða á byltingarafmæli.

1954: *Raulað við sjálfan sig*. Kveðskapur með inn-gangi og skýringum.

1954: *Bréf til Ragnars Jónssonar*.

1954: *Sálmurinn um blómið I*. Umgjörð bókar er lífssaga telpu, Helgu Jónu Ásbjarnardóttur, f. 1943. En inn í hana er fléttað fleiru en lýst verður í fáum orðum.

1954: *Bréf til Jóns Aðalsteins* [Sveinssonar]. Sér-fræðingur Þórbergs í vélfræði áminntur á sextugsaf-mæli, fyrir að skila aldrei skýrslum.

1955: *Sálmurinn um blómið II*. Efni sem í fyrri bók.

1955: *Bréf til Ána Hallgrímssonar*. Hann átti sjötugsafmæli, sem Þórbergur sló upp í hugvitssamlega auglýsingu á sálmabók sinni.

1956: *Steinarnir tala*. Bernskuminningar, sagnir og fróðleikur úr Suðursveit.

1956: *Bréf til Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlög-manns*. Honum árnað heilla fimmtugum og sagt frá afrekum Stalíns.

1957: *Um lönd og lýði*. Önnur bók úr Suðursveit.

1957: *Nýr heimur í sköpun*. Ræða á 40 ára afmæli rússnesku byltingarinnar.

1957: Bréf til Maju.

1958: *Rökkuróperan*. Þriðja bók úr Suðursveit.

1959: *Bréf til Jóns Rafnssonar*. Kveðja, send ótrúum sérfræðingi í reimleikum sextugum.

1959: *Nokkur fátækleg þakkarorð*. Þórbergur hafði átt afmæli og verið haldið hóf í Lidó.

1960: Uppskeyra lyginnar.

1962: *Í Unuhúsi*. Þórbergur skráði 1922 eftir Stefáni Sigurðssyni frá Hvítadal [f. 1887, d. 1933] endurminningar um árin 1906-09. Garðastræti 4 var kennt við Unu Gísladóttur [f. 1854, d. 1924], sem leigði út herbergi og seldi beina. Með henni bjó sonur hennar, Erlendur Guðmundsson (sjá að framan við árið 1947). Stefán Einarsson áleit, að þessar endurminningar hefðu ekki verið prenthæfar "í þá daga sökum sannleikans".

1962: *Marsinn til Kremli*. Myrkt kveðið ljóð.

1963: Ferðaðist um Evrópu.

1964: *Rangsnúin mannúð*. Gagnrýni á Skáldatíma eftir Halldór Laxness, sagt frá Unu og syni hennar.

1966: Sigldi með ms Baltika til Miðjarðarhafslanda.

1967: *Fagurt er í Eyjum*, 1. bindi af ævisögu Einars Sigurðssonar [f. 1906], sem var athafnamaður úr Vestmannaeyjum. Þessi bók tekur til árana 1906-22.

1968: *Fagur fiskur í sjó*, 2. bindi af ævisögu Einars.

1969: *Alþingiskosningar 1902 og Hver á stofuna?* Gamansögur um Sigurð Sigurðsson á Kálfafelli.

1970: Opið bréf til Kristins Andréssonar.

1971: *Fagurt galaði fuglinn sá*, 3. bindi um Einar.

Þórbergur dó. Svo tekur við allmikil útgáfa á efni, sem kalla má apochrypa, því að hann bjó það ekki til prentunar eða bauð til útgáfu, og sumt átti ekki erindi á bók.

1975: *Fjórða bók*. Um fólk og atburði í Suðursveit.

1975: *Edda*, 2. útgáfa aukin.

1976: *Ólíkar persónur*.

1986: *Ljóri sálar minnar*.

1983: *Bréf til Sólu*.

1987: *Mitt rómantíska æði*.

Þótt hér hafi stutt verið sagt frá efni bóka og ritgerða, einkennir mörg skrif Þórbergs, að þau eru í senn nákvæmlega staðbundin en jafnframt dæmisögur, sem hafa almennan boðskap, því að honum var gjarnt að halda fram skoðunum. Sömuleiðis eru víða óljós skil á milli gamans og alvöru. Þess vegna má skilja og skilgreina bækur hans á fleiri vegu en að framan.

Halldóra Gunnarsdóttir lagði til fróðleik.

Kt1956 V:413; TMM 1941, 1942, 1943, 1945, 1949, 1950, 1951, 1952, 1953, 1954, 1957, 1960,

1964, 1969, 1970, 1974 og 1989; WN1948 127nn; ÞB1952; ÞB1975; ÞB1976; ÞB1977; ÞB1981#2; ÞB1981#3; ÞB1982; ÞB1982#2; ÞB1982#3; ÞB1983; ÞB1983#2; ÞB1986; ÞB1987; EB1973 I:83, 85, 147 og II:9n, 14, 25, 32, 51, 54, 58, 79, 89, 117, 165, 167, 177, 201, 205, 212, 217 og III:109, 112, 146nn, 150, 167; GG1975 143; StE1961 31, 34, 69, 99, 192, 239n, 242, 251, 256, 275, 309, 326, 328, 357, 370, 273n, 385nn, 389nn, 419, 430n, 434, 440, 442, 453; DV 14.12. 1987 og 13.3. 1999; MJ1981 II:371; HHG1992 9, 93, 262, 281, 357, 359, 364, 367nn, 502, 560; GG1950 205, 228, 232; HP1978 42, 84, 135, 146, 149, 179, 194n; BÞ1978 164nn; SAM1988 77, 79, 93, 102; Fbl 14.3. og 27.5. 2003; GG1975#2 113; GG1978 148nn; GG1983 182, 208; HMS1992; Andvari 1981; MJ1989; Mbl 15.8. 1922 og 27.5. og 4.6. og 6.6. 1925 og 17.1. 1934 og 8.6. 1985 og 23.12. 2000 og 7.2. 2004 [Lesbók]; Vörður 3.10. og 17.10. og 23.11. 1925; Abl 13.5. 1921 og 20.6. 1922 og 11.10. og 25.10. og 31.10. og 27.12. 1924 og 3.1. og 24.3. og 26.3. og 6.4. og 15.4. og 23.4. og 18.5. og 20.6. og 24.9. og 30.9. og 6.10. og 8.10. og 9.10. og 12.10. og 14.10. og 17.10. og 23.10. og 6.11. og 30.11. 1925 og 1.5. og 8.5. og 22.5. og 20.11. og 15.12. og 16.12. og 19.12. og 28.12. 1926 og 4.1. og 21.1. og 22.1. og 14.9. og 15.9. og 16.9. og 7.11. og 26.11. 1927 og 11.11. og 18.11. og 25.11. og 2.12. 1933 og 6.1. og 15.1. og 17.2. og 3.3. og 5.3. og 23.10. og 1.11. og 7.12. 1934 og 4.1. og 27.4. og 1.10. og 8.9. og 1.10. og 2.10. og 9.10. 1935 og 25.2. 1936 og 26.1. og 14.12. 1937 og 8.2. og 11.2. og 14.6. og 15.7. 1938 og 19.3. 1940; Þjóðviljinn 18.6. 1937 og 4.10. og 10.10. 1939 og 31.3. og 7.4. og 14.4. og 28.4. og 5.5. og 12.5. og 22.5. og 2.6. og 8.6. og 16.6. 1946 og 26.5. 1948 og 27.1. 1950 og 23.4. 1952 og 22.12. 1954 og 17.12. 1955 og 8.5. 1956 og 6.3. og 24.3. 1959 og 29.11. 1986 og 6.12. 1987 og 10.3. 1989; Tíminn 12.3. 1919 og 10.6. og 12.6. og 3.7. og 11.12. 1920 og 14.1. 1922 og 23.1. 1923 og 12.3. 1964 og 5.5. 1968; KEA1940 243nn; GJ1938; Landið 4.1. 1918; Austanfari 8.7. 1922; Fram 15.8. 1922; StE1939; Skírnir 1979; Eimreiðin 1919, 1934, 1938, 1951; Lífið 1938, 1939; Dvöl 24.6. 1934; Rp 1935, 1937, 1938; Uísl 1947; Helgafell 1944; LnIng 1939; lðunn 1927, 1928, 1929, 1932, 1933, 1934 og 1936; Réttur 1927, 1938; Ndbl 8.11. 1941; StÞ1970 134nn; Hrd V:982nn; GT1967 210; KK1956 200nn; ÓRE1977 255; HS1981 157n; SÞ1966 V:421; SA1987 76, 100, 107n, 115, 121, 175; JÓ1969 64; 133nn, 177n, 180, 186nn, 190n; JÓ1970 60, 89; KE1976 32nn; VJ1985 I:72, 76, 84n, 93, 96, 98n, 159, 200, 205, 253, 299, 301nn, 308 og II:264, 271, 275, 282nn, 286n, 290, 292nn, 297nn,

303, 306; JT2001 88; KEA1949 49nn, 53, 118, 163,  
258, 259nn, 365; ÞV2000 257, 284, 296, 440;  
SG1989 220n; HSK2002 142, 148, 216; GG1997  
165, 191n, 286; GPÓ2000 126; HL1980 37, 98, 120,  
122, 134, 164, 171, 206; HJ1988 170, 219; SB1920  
xi; GMB1999 54nn; HHG2003 35, 102, 106, 110,  
112, 126, 165n, 168nn, 172, 187n, 195, 263nn, 282,  
286nn, 292n, 295, 297nn, 309, 326nn, 332, 340nn,  
345n, 348, 355n, 367n, 385, 387, 390n, 424, 432n,  
447, 452, 454, 456, 488, 490, 493, 498, 506n, 509n,  
522, 531, 542, 552n, 555n, 558nn; JÁ2003 468;  
[www.thorbergur.is](http://www.thorbergur.is)